

Kennari	Inga Björg Ólafsdóttir (inga@vma.is)	Sk.st.	IBÓ
----------------	--------------------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um þróun sjúklegra breytinga í mannlíkama frá frumulöskunum til sjúkdóma í líffærakerfum. Viðbrögðum frumna og vefja við álagi er lýst og hlutverki samvægisferla í viðhaldi heilbrigðis. Fjallað er um grundvallarhugtök í meinafræði eins og ónæmisviðbrögð, viðgerðarferli og vefjadrep. Fjallað er um sýkingar, erfðir og æxlisvöxt og tengsl umhverfisáhrifa og sjúklegra breytinga í líkama. Áhættuþættir, einkenni, orsakir, afleiðingar og meðferðarmöguleikar algengra sjúkdóma í stoðkerfi, taugakerfi og þekjakerfi eru teknir til umfjöllunar. Latneskt nafngiftakerfi í meinafræði og sjúkdómafræði er útskýrt.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- algengum fræðilegum hugtökum sem tengjast efni áfangans
- mikilvægi samvægis fyrir heilbrigði líkamans
- þróun sjúklegra breytinga í líkama
- viðbrögðum frumna, vefja, líffæra, líffærakerfa við álagi og samvægistrufunum
- algengum sýkingum í mannlíkama og einkennum þeirra
- samspili umhverfis- og erfðabátta í sjúkdómsþróun
- flokkun, hegðun og frumorsökum æxlisvaxtar
- áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjakerfi, stoð- og taugakerfi
- fjölbreyttum miðlum til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma- og meinafræði
- latneskum nafngiftum í meinafræði og sjúkdómafræði

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans
- bera saman löskunaráhrif og smithæfni algengra sýkinga í mannlíkama
- bera saman þróun sjúklegra breytinga í frumum, vefjum, líffærum og líffærakerfum
- nota fjölbreytta miðla til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma- og meinafræði
- nota latneskar nafngiftir yfir sjúkdóma og hugtök í meinafræði

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- rekja þróun sjúklegra breytinga í frumum, vefjum, líffærum og líffærakerfum og útskýra viðbrögð líkamans við þeim
- viðhafa viðeigandi smitgát vegna smitandi sjúkdóma
- draga ályktanir um möguleg áhrif umhverfislaskana og erfðagalla á sjúkdómsþróun
- miðla þekkingu um meinafræði og sjúkdóma í þekjakerfi, stoðkerfi og taugakerfi á fjölbreyttan og skapandi hátt
- gera grein fyrir samspili umhverfis- og erfðabátta í sjúkdómsþróun
- útskýra flokkun, hegðun og frumorsakir æxlisvaxtar
- gera grein fyrir áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjakerfi, stoð- og taugakerfi
- nýta þekkingu sína í sjúkdómafræði í starfi

Sjúkdómafræði 1 SJÚK2MS05 Námsáætlun haustönn, 2021



Námsgögn:

Kennslubók: Bogi B. Ingimarsson. 1995. Sjúkdómar í mönnum, Reykjavík, Iðnú. Fyrstu sjö kaflar bókarinnar verða teknir.

Stuðningsefni : Glærur frá kennara og ýmsar greinar. Notast verður við kennsluvefinn Moodle.

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verkefnt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Lota 1	Kaflar 1 og 2 í kennslubók.	Leska kafla 1 og 2.	Heimaverkefni 1, 5%
Lota 2	Kaflar 3 og 4 í kennslubók.	Leska kafla 3 og 4.	Annarpróf 1, 10% Heimaverkefni 2, 5%
Lota 3.	Kaflar 5 og 6 í kennslubók.	Leska kafla 5 og 6	Heimaverkefni 3, 5% Ritgerð 10%
Lota 4.	Kaflar 7 í kennslubók.	Leska kafla 7.	Annarpróf 2, 10% Kynning 5%

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Lokapróf	Lokapróf í desember.		50%
Tímapróf	Tvö tímapróf verða á önninni, (10% hvort)		20%
Ritun	Stutt heimildarritgerð úr völdu efni		10%
Heimaverkefni	3 heimaverkefni		15%
Kynning	Nemendur halda kynningu fyrir samnemendum sína.		5%
	Samtals:		100%

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Annað: Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma, verkefni lækkar um hálfan fyrir hvern virkan dag sem fer fram yfir skiladag. Ekki er tekið við verkefnum viku eftir skiladag. Ná þarf 40% árangri í lokaprófi til að vetrareinkunn reiknist með til hækunar. Ath. nemendum ber að ljúka öllum námsmatsþáttum og skili öllum verkefnum á tilsettum tíma, gerið hann það og nær 8 eða hærra í einkunn má nemandi sleppa lokaprófi. Mun þá vægi hinna námsmatsþátta tvöfalda.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga.

ATH! Vegna Covid-19 heimsfaraldurs getur skipulag og kennsluhættir breyst frá því sem hér segir.

Dagsetning: 17/8 2021

Inga B. Ólafsd.
Undirritun kennara

Hannesmía Sel
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils